



## **304. fundur Afrekssjóðs ÍSí**

### **Mánudagur 11. desember 2023 kl. 12.30**

#### **Mætt:**

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður á Teams, Guðrún Inga Sívertsen (GS), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ) á Teams, Þórey Edda Elísadóttir (ÞE) fjarverandi , Knútur G. Hauksson (KH).

Aðrir: Andri Stefánsson og Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

#### **1. Umsóknir vegna 2024**

KSR kynnti hversu margar umsóknir hafi borist. Eru komnar umsóknir frá flestum sérsamböndum. Nokkrum sérsamböndum var gefinn frestur og KSR falið að tilkynna þeim sem ekki hafa skilað að ekki yrði gefinn lengri frestur en til dagsloka miðvikudaginn 13. desember.

KSR kynnti grófa samantekt á umsóknum og mögulega flokkun sérsambanda í Afrekssérsambönd og Verkefnasérsambönd. Umsóknir ræddar.

KSR vinnur áfram úr umsóknum og bætir inn þeim sem skila áður en frestur rennur út.

KSR fer yfir með Afrekssviði mögulega einstaklingsstyrki og styrki vegna ÓL undirbúnings.

#### **2. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.40. Ekki var ákveðinn næsti fundur. KSR boðar þegar umsóknir eru lengra komnar.